


Ífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur 5. tbl. des. 1975



Þokan mikla í stjörnumerkínus Orion

(Sjá forsíðumynd)

Víða í vetrarbraut okkar eru efnisþokur miklar, og skyggja á þá hluta stjörnugeimsins, sem á bak við liggja.

Ein slík þoka er í nágrenni okkar (í um 1500 ljósára fjarlægð) í stjörnumerkínus Orion (Veiðimanninum) sem er eitt fegursta stjörnumerki himinsins frá okkar jörð séð. Hún er skammt neðan við Fjósakonurnar (Belti veiðimannsins) í þeirri stjörnuþyrringu sem nefnd er Sverð Orions. Efnisþoka þessi er all víðáttumikil eað um 1500 ljósár að þvermáli. Þetta er ljómpoka, þ. e. upplýst af nærliggjandi sólstjörnum, andstætt sumum öðrum efnisþokum, sem eru dimmar.

Aðalefnið í efnisþokum sem þessari er talið vera vetni, og að þær séu upphafsefni það, sem sólhverfi myndast úr. Orionþokan mun vera ein slík. Pykír stjörnufræðingum líklegt, að þar séu í myndun sólir með reikistjörnum.

Úr slíkum geimþokum hafa upphaflega allar stjörnur myndast. Elstu þekktar stjörnur hafa þéttst úr slíku geimefni fyrir svo sem fimmtán þúsund milljónum ára, en enn eru stjörnur að myndast og í Orionþokunni má greina ungar stjörnur, nýmyndaðar. Heilar þyrringar stjarna munu yfirleitt myndast samtímis úr einni stórri geimþoku og er álið að t. d. hin fagra stjörnuhvifing í merki Sjöstjörnunnar, (en þar eru nokkur hundruð sólstjörnur) í nágrenni Orion, sé einmitt ein slík þyrring nýlega myndaðra sólstjarna.

Furðulegur er þessi mikli heimur. Furðuleg þessi sköpun og þróun efnis í sólir og jarðir. Furðuleg sísköpun efnis og lífs um allan alheim. Geimefni er undirstaða sólhverfa og sólir og reiki-stjörnur er undirstaða alls lífs í alheimi. Efnisheimurinn er sú undirstaða, sem allt líf byggist á. En þessi efnisundirstaða hefur í sér fólgna möguleika til óendanlegs þroska og óendanlegar full-kommunar lífsins allt frá fyrsta upphafi þess á einhverri jarð-stjörnu til hinna máttugstu lífheilda.

Ingvar Agnarsson

Hvað er vísindalegt?

Hvenær sem farið er fram á það við okkur Nýalssinna að flytja kynningarindi um vísindi Nýals, verður mér hugsað til þess einna fyrst: hvað væntanlegir tilheyrendur muni í raun og veru vita um þetta mál, og hvaða hugmyndir þeir gera sér um það?

Ég ætla að leyfa mér að telja upp nokkrar þær hugmyndir sem ég hef orðið var við meðal fólks, og vona að sú upptalning leiði okkur ekki of langt frá umræðuefninu sjálfu.

1. Fyrst ætla ég að nefna það, að fyrir kemur, að menn telja sig hafa annað álit á höfundí Nýals og þá væntanlega einnig kenningu hans en á þeim sem gerst hafa fylgjendur þeirrar kenningar og haldið henni fram. Þeir eru til, sem telja vísindastarf dr. Helga Pjeturss, ritverk hans og ritlist mikils virði, en Nýalssinna lítilsvæða og félag þeirra gagnslítið. Við þessari skoðun eignum við Nýalssinnar í rauninni ágætt svar, og það er fólgjð í þeirri áskorun, að þeir sem þannig hugsa reyni sjálfir að gera betur. Nýalssinnar hafa aldrei talið sig eiga neinn einkarétt á þeirri kenningu sem hér er um að ræða, og við ættum ekki heldur að vera í neinum vandræðum með að vinna með öðrum að slíkum málum, ef þeir aðeins stefna að saman marki.

2. Önnur hugmynd sem við rekumst oft á er að þetta sé nokkurn veginn *bið sama* og spíritisminn eða andatrúin, sem af mörgum er talin útbreiddari hér en í flestum öðrum nálægum löndum. Bæta þá fylgismenn spíritismans því gjarnan við, að við ættum bara að hverfa inn í spíritismann, og ekki vera að gera neinn ágreining um það, sem þeim virðist vera smámunir. En andstæðingar spíritismans gefa sér það til viðbótar, að allir þeir ókostir spíritismans, sem þeir telja vera, eigi einnig við um Nýalssinna. Frá sjónarmiði Nýalssinna lítur þetta hins vegar þannig út, að ýmislegt í lífsskoðun spíritismans og okkar, sem ættað er frá hinum bjart-

sýnu aldamótakynslóðum, er að vísu sameiginlegt, en skilningsgrundvöllurinn og viðhorfið til vísindanna er allt annað.

3. Algengt er að menn ímyndi sér, að Nýalssinnar séu trúarbragðaflokkur, einn meðal margra, og hafi engan rétt til að kenna sig við vísindi. Pessu fylgir auðvitað sú hugmynd að dr. Helgi Pjeturss hafi verið trúarbragðahöfundur, sem ekki hafi haft rök fyrir málí sínu. Pessi hugmynd kemur fram bæði hjá þeim sem sjálfir fylgja trúarbrögðum, og hjá hinum sem telja sig mótfallna trúarbrögðum. En auðvitað er höfuðskilyrði þess að slík hugmynd nái að dafna, að menn hafi ekki lesið bækur dr. Helga og þekki ekki verk hans. — Annars má það segja til afsökunar þeim sem ala þessa hugmynd með sér, að þar sem aðalviðfangsefni Nýals og Nýalssinna er nú einmitt tölувert skylt því sem lengi hefur verið talið trúaratriði eingöngu, það er æðri verur og líf eftir dauðann, þá er ekki nema skiljanlegt að við fyrstu sýn sýnist mönnum þetta vera eitthvað álíka.

En eins og allir munu geta séð fram á, þá er grundvallarmunur á því að líta á æðri verur og líf eftir dauðann, sem hluta af náttúrunni, sem líf á öðrum stjörnum, — og svo hinu, að trúua einhverju blint um þetta efni, einungis af því að það hefur sagt verið. Það er vissulega rétt sem Helgi Pjeturss hefur sjálfur sagt, að í þessum efnum hefur hann beitt aðferðum náttúrufræðinnar, en að vísu á rýmri og yfirgrípsmeiri hátt en algengast er, og er það nú raunar í beinu framhaldi af uppgötvunum hans á svíði jarðfræðinnar, sem voru með ólíkindum stórkostlegar á sinni tið, enda hafa þær allar staðist fram á þennan dag. Helgi Pjeturss rannsakaði eðli svefns og drauma, og á þeirri leið var það, sem hann komst í snertingu við hin furðulegu viðfangsefni trúar og dulfræða, þó að sá raunveruleiki væri raunar allur annar en hinum trúuðu og dulfróðu mönnum hafði nokkurn tíma til hugar komið.

Margt fleira maetti til tína um það, hvað fólk ímyndar sér, en ég læt hér staðar numið og tek heldur til við aðra athugun og það er athugunin á því hvað er vísindalegt og hvað ekki.

Oft kemur sú hugmynd fram, að söfnun staðreynda sé hið eina vísindalega, en það er nú einmitt ekki. Skilningurinn er aðalatriðið, eða það að draga ályktanir. Við getum tekið fiskigöngur sem dæmi. Fiskifræðingur kann að hafa safnað að sér geysimikilli vitneskju um lifnaðarhætti fiska, um göngu þeirra í sambandi við strauma, hitastig og æti o. s. frv. og af þessu gerir hann sér hugmyndir um það af hverju fiskigöngurnar ráðist, og loks leyfir hann sér, út frá

því sem liðið er, að spá um það sem óorðið er. En svo bregst spái. Þá er afsökunin venjulega á þá leið, að staðreyndamagnið hafi verið of lítið, að fleiri og nákvæmari upplýsingar hefði þurft að liggja fyrir. Og vissulega getur verið að svo sé. En hitt getur líka alveg eins verið, að fiskifræðingurinn hafi ekki skilið nógu vel sumt það sem þegar lá fyrir, einhvern mikilvægan þátt í lífi fiskanna, sem ómissandi er að vita deili á til þess að vita hvað fiskurinn tekur til. Til dæmis lífsambandsþáttinn. Það þarf ekki annað en að hafa séð mynd af fiskatorfu til þess að sjá, að þar er um samstillingu að ræða. Pégar fuglar fljúga í hóp og fiskar synda í torfu er um sameiginlega lifandi heild að ræða, sem veit saman og vill saman og gerir það samtaka sem þá heild sjálfa varðar. — Það er ekki aðeins að samband er milli hinna einstöku fugla og fiska heildarinnar, heldur myndast af þessu samband upp á við, til fullkomnari vitundar á öðrum hnetti, og það er slík vitund, sem vísar fuglum og fiskum leið um loft og lög. Allt líf er samband, og frá hinu æðra lífi á öðrum stjörnum stafar lífgeislum sífellt niður, ef svo mætti segja, til hinna lægri magnanarstiga.

Ég er nú víst orðinn nokkuð háfleygur eins og menn segja, og farinn að tala um niðurstöður í stað þess að rökræða um hvað sé vísindalegt. En dæmið sem hér að framan var tekið gefur væntanlega nokkra hugmynd um það, að í allri þekkingarleit, allri vísindaviðleitni, kemur að því að ályktun er dregin eða verður að draga, ef ekki á að vera unnið fyrir gíg. Það getur verið að sumum þyki ráðlegra að hverfa frá því að draga óvænta ályktun og segja frá henni, og snúa sér aftur að því að safna staðreyndum. En ekki er það brautryðjendahugarfar.

Hvergi er það skref, að draga ályktunina, jafn viðkvæmt, vandasamt og þýðingarmikið og í sambandi við það, sem nefnt er rannsókn dulrænna fyrirbrigða, fyrirburðafræði, eða sambandssálfraði, en það er, eins og menn munu renna grun í, töluvert skylt því sem var viðfangsefni dr. Helga Pjeturss.

Samband er milli alls lífs í alheimi sagði dr. Helgi Pjeturss, eðlisfræðilegt samband, sem snertir efnið og niðurskipunina í hinum lifandi líkönum, og á hverju byggði hann þessa staðhæfingu? Hann byggði hana í fyrsta lagi á rannsóknum sínum á svefni og draumum, og þegar að er gætt þá er það síður en svo nokkuð óeðlilegt að þangað skyldi þessi niðurstaða vera sótt: Því enginn mun neita því sem hugsar málið, að draumurinn ber vott um sérstakt ástand líkamans, sérstaklega heila og taugakerfis, og þegar

vitað er að hugsamband eða fjarhrif, orðaflutningur frá heila til heila er staðreynd, þá liggar það fyrir sem eðlileg og rökrétt ályktun að drauma getti verið að rekja til sambands sofandans við einhvern vakanda, sem sér og reynir allt það í raunveruleikanum sem hinum ber í drauma. En rannsókn eins og sú sem Helgi hefur gert grein fyrir í *Annarri uppgötvanasögu* leiðir í ljós að þetta er ekki einungis líklegt, heldur að þannig hlýtur þetta að vera, og að öruggari niðurstaða er ekki til í vísindum en þessi. Hvernig gæti hugurinn skapað þær sýnir, sem hann athugar sjálfur. Hvernig stendur á þeim mikla mun sem er á því að hugsa sér hlut og hinu að sjá hann og þreifa á honum? Og hvernig stendur á því að það sem í draumi er séð er jafnan öðruvísi en það sem maður ætlar það vera, meðan hann dreymir, og að þetta misræmi kemur jafnan því betur í ljós sem draumurinn er skýrari? Hvað eru þeir ekki margir, af þeim sem dreymir skýrt, sem hafa í draumi séð að últíl þeirra sjálfa var annað en raunverulega er? Annar maður, draumgjafinn, er að skoða andlit sitt eða gera sér grein fyrir því, og af því að kraftur huga hans ber áhrifin af skoðun hans, skynjun, tilfinningum og viðbrögðum öllum inn í huga annars manns, dreymandans, þá finnst þeim sem dreymir að hann sé þessi maður. Þegar mig dreymir er ég annar maður, og ég kem ekki til sjálfs míni fyrr en ég vakna.

Ég hef í draumi séð landslag, byggingar, mannlíf og jurtalíf, sem er á öðrum stjörnum. Ég hef séð stjörnuhimin í draumi sem er allt annar en sá sem menn hafa fyrir augum þegar þeir líta upp fyrir sig hér á jörd. Ég hef séð stjörnumerki sem ekki eru hér, og ég hef getað litast um á furðulegum stöðum, dýrðlegum stöðum og ég hef náð stjörnufræðilegum áttum á slíkum stöðum. Ég hef ekki farið á þessa staði sjálfur, eins og sumir ímynda sér, því að ég hef legið í rúmi mínu og sofið meðan þessu fór fram, en samband hefur átt sér stað, verulega náið og vel stillt samband. Fylgia því greiðir orkuflutningar milli draumgjafa og dreymanda, en alls ekki hitt, að „sálin fari úr líkamanum,“ eins og menn ímynduðu sér. Þetta er nokkuð sem liggar alveg ljóst fyrir, þegar menn eru komnir á þá leið að draga ályktanir. Og Nýall er meðal annars hvatning um það að leitast við að draga sjálfstæðar ályktanir. Það mætti með nokkrum sanni segja, að þó að allur Nýall væri í burtu tekinn, þá væru uppgötvanir dr. Helga eftir sem áður til í hugum þeirra sem hafa tileinkað sér þær, líkt eins og uppgötun Newtons er til, þó að öll rit Newtons væru glötuð. En sem betur fer,

er Nýall nú ekki glataður, þó að lágt hafi verið um hann haft þau rúm 50 ár sem liðin eru frá því hann fyrst kom fram, og það er skoðun míni að sú málssnilld, manngöfgi og kraftur sannfæringar sem einkennir þetta rit, sé fyllilega samboðið þeirri miklu uppgötvun sem það segir frá.

Porsteinn Guðjónsson

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Mannvizkan sanna er sú,
sem þóttalaus þekkir sín takmörk.

Betri er sannleikur byrstur og grár
en bláeyg lygi með glóbjart hár.

Pú brýnið rauðt og bryddar orð með stáli,
það brestur eitt, að hugur fylgi máli.

Æðst er mark, að enda á hæðum,
andinn lífs þar ríkir hreinn.

Deyi góð kona,
er sem daggeisli
hverfi úr húsum,
verður húm eftir.

Við endurhljóm vorra hamrasala
vér heimtum vort þjóðlíf úr neyðardvala.

Vor augu myrkvast af móðgum tárum,
ó, manna þig, Ísland! og rís með árum.

Andinn getur hafist hátt,
þó höfuð lotið verði.

Stjörnurnar og miðilssambönd við íbúa þeirra

I.

Jónas Hallgrímsson og stjörnurnar

Jónas Hallgrímsson, skáld, var góður náttúrufræðingur, og ferðaðist nokkur sumur víða um byggðir og óbyggðir Íslands, og kann-aði náttúru þessa lítt rannsakaða lands. Jónas hafði auk þess sér-stakan áhuga á stjörnufræði, og bera mörg kvæði hans því vitni, hve lagið honum var að minnast á stjörnurnar í kvæðum sínum, jafnvel er þau fjölluðu um efni, er lítt virðast koma stjörnum við:

Hörðum höndum
vinnur hölda kind
ár og eindaga
siglir særokinn,
sólbitinn slær
stjörnuskininn stritar.

Og enn í öðru kvæði:

Sérattu Snæfells
snjóvga tind,
sólu roðinn,
sveíptan þoku,
stjörnu skininn,
á strönd bíða,
björgum studdan standa.

Jónas þýddi á íslensku stjörnufræði Úrsíns og mun það vera fyrsta bók um stjörnufræði, er gefin hefur verið út á Íslandi.

Skáld hafa jafnan verið með þeim fyrstu að fagna yfir og hrífast af mikilleika alheimsins, sem fremstu stjörnufræðingum síðari alda, hefur tekist að leiða í ljós skref fyrir skref. Kvæðið „alheimsvíð-áttan“ eftir Schiller sem Jónas Hallgrímsson þýddi svo fagurlega, er innblásið æðri töfrum, og lýsir á áhrifamikinn hátt óravíddum hins óendanlega víða stjörnugeims, sem aldrei tekur enda:

Sá ég í ûngum
æskublóma
stjörnur úr himin-
straumum rísa,
þúsund alda

að þreyta skeið
heiðfagran gegnum
himinbláma.

— — —
„Hættu! Hættu!
Um himingeima
ónýtisferð
þú áfram heldur.
Vittu, að fyrir
framan þig er
ómælisundur
og endaleysa.“

II.

Kvasararnir, hinir guðlegu lífheimar.

Á dögum Jónasar Hallgrímssonar vissu menn miklu minna í stjörnufræði, en nú er vitað, enda hefur á síðari áratugum verið mikil áhersla á það lögð, að rannsaka alheiminn eftir föngum og hefur mönnum tekist að gera sér mjög fullkomín rannsóknartæki eins og t. d. stjörnusjána miklu á Palomar-fjalli í Bandaríkjunum.

Nú er vitað, að allar fastastjörnur, sem sjást berum augum frá okkar jörð, eru sólir og að þær tilheyra geysimiklu sólnasafni, vetrarbrautinni. Talið er að í henni séu um eitt hundrað þúsund milljónir sólna, og að þvermál hennar sé eitt hundrað þúsund ljósár. Okkar sól er ein af þessum mörgu sólum vetrarbrautarinnar.

Menn héldu áður fyrr, að stjörnurnar væru dreifðar nokkuð jafnt um allt geimrúmið, en nú vita menn að svo er ekki.

Menn vita nú, að stjörnurnar mynda geysistórar stjörnuhvifingar, vetrarbrautir, og að á milli þeirra er mjög langt bil, sem oftast nemur milljónum ljósára.

Með bættum stjörnusjám hafa menn séð lengra og lengra út í geiminn, og ávallt hafa sést því fleiri vetrarbrautir sem lengra varð séð.

Fjarlægustu vetrarbrautir, sem sjást, eru taldar vera í um tíu þúsund milljón ljósára fjarlægð. Svo fjarlægar vetrarbrautir sjást aðeins af þeirri gerð, sem kallaðar eru Kvasarar, og er birtumagn þeirra mjög margfalt á við vetrarbrautir, sem nær okkur eru. Auk hins óskiljanlega mikla birtumagns, eru kvasarar einnig að ýmsu leyti hin mestu furðuverk, svo að stjarneðlisfreðingar kunna þar enga skýringu á, og telja að þar séu brotin ýmis lögmál hinnar

þekktu og viðurkenndu eðlisfræði, á svo stórkostlegan hátt, að stjörnufræðingar standa þar alveg agndofa af undrun.

III.

Miðilssambönd við íbúa annarra hnatta.

Lengi hafa menn haft grun um að hnnettir alheimsins munu byggðir vera lifandi verum, rétt eins og er á okkar jörð, og hafa verið uppi um það ýmsar kenningar.

Dr. Helgi Pjeturss kom fram með kenningu um samband lífs-ins í alheimi. Frá öllu efni stafar geislan og frá lifandi verum stafar sérstök geislan, lífgeislan, sem er óháð fjarlægðum og fer hnatta og vetrarbrauta á milli á örskotsstund, gagnstætt ljós- og rafgeisla, sem þarf ár og árbúusundir til að komast milli stjarna.

Nýalssinnar hafa um árabil reynt að vekja athygli á kenningum dr. Helga Pjeturss um lífsambandið milli stjarnanna, og reynt að efla þessi lífsambönd eftir mætti, með miðilsfundum og á annan hátt.

Dr. Helgi uppgötvaði að miðilssamböndin eru nær ævinlega við íbúa annarra jarðstjarna í öðrum sólhverfum, og oftast er um að ræða látna menn héðan af jörð er liðið hafa fram til annarra stjarna og eru nú íbúar þeirra. Þegar við því höfum samband við framliðna vini eða aðra, fyrir miðismunn, megum við vera þess fullviss, að þeir eiga heima á einhverri fjarlægri stjörnu, og að furðulegt fjarsamband hefur tekist við þennan fjarlæga vin.

Sitjarar á miðilsfundi ráða miklu um það, vitandi og óvitandi, hvernig samband tekst og hver það er, sem talar miðilsmunni.

A miðilsfundum Nýalssinna koma oft fram vinir og ættingjar þeirra er fundina sitja. En einnig koma fram ýmsir aðrir, svo sem kunn skáld, ví sindamenn, læknar o. fl. og einnig landnámsmenn og aðrir fornmann frá fyrstu oldum Íslandsbyggðar.

Peir segja okkur sjálfir hverjir þeir eru. Í flestum tilvikum höfum við að vísu litlar sannanir fyrir því, að þeir séu þeir, sem þeir segjast vera, en við höfum samt ekki ástæðu til að ætla að svo geti ekki verið, sem þeir segja.

A fundum Nýalssinna koma einnig oft fram verur, er segjast aldrei hafa átt heima á okkar jörð, og vera okkur mönnum miklu fremri að segurð og viti og mætti. Er þar oft um að ræða þá, sem segjast vera þeir, er fornmann trúðu á, Æsir og Ásynjur. Allir sem koma í miðilssamband hjá Nýalssinnum, taka það fram, að þeir séu líkamlegar verur og eigi heima á öðrum stjörnum.

IV.

Miðilsfundir og orkuaðstreymi.

Samkvæmt kenningum dr. Helga Pjeturss hafa lengra komnir íbúar annarra stjarna mikinn hug á að veita okkur jarðarbúum að stoð í hinum ýmsu þrengingum okkar. En til þess að sú hjálp geti komið að notum, verðum við sjálfir að vita og skilja hið rétta eðli sambandsmála, og hafa fullan hug á, að notfæra okkur á réttan hátt þá aðsendu hjálp, sem okkur stendur til boða.

Miðilsfundur er ekki fyrst og fremst ætlaður til að fá fróðleik um látna ættingja og vini, þótt það sé í raun og veru afar mikilvægt, heldur einnig og jafnvel miklu fremur, til að öðlast aukinn lífsþrótt og aukna magnan. Ef miðilsfundir tækjust svo sem vera ætti, mundu allir þáttakendur þeirra öðlast aukinn þrótt, verða einskonar þáttakendur og njótendur hinnar miklu líforku, sem lengra komnir íbúar stjarnanna annars staðar í heimi eiga yfir að ráða. Því að jafnframt því, sem við njótum sambanda og töldum við látna vini og aðra fyrrverandi íbúa okkar jarðar, sem nú eru fyrir löngu eða fyrir skömmu fluttir á aðra hnetti, þá myndast orkusambönd við æðri verur, sem svo fullkomnar eru að mætti, fegurð og góðleik, að guðir mega kallast í samanburði við okkur, menn þessarar jarðar.

V.

Lífgeislalækningar.

Ýmis dæmi eru þess, að þessi æðri, aðsenda orka, hafi náð til einstaklinga á okkar jörð, í ríkum mæli. Til slíks orkuaðstreymis er að rekja allar „yfirnáttúrlegar“ lækningar, sem svo eru oft kallaðar, en réttara væri að nefna *lífgeislalækningar*, því þar er að verki líforka sem geislar sér frá hinum lengra komnu, og hefur í sér fólginn möguleika, til að lækna hvaða sjúkdóm, sem vera skal, ef aðeins væru móttökuskilyrði hér, svo sem vera þyrftu. Þau skil-yrði þyrftu stórum að batna. Og með réttum skilningi á sambandsmálum og samtökum nógu margra, ætti að vera unnt að skapa slík skilyrði.

VI.

Stilliáhrif umhverfis á miðilsfundi.

Allir þáttakendur miðilsfundar stilla til ákveðinna sambanda. En það eru ekki aðeins þáttakendur hvers miðilsfundar sem áhrif hafa á það, hvernig miðilsfundur tekst hverju sinni. Hér er að verki

(alheims) lögmál, sem dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði og kallaði stillilögmál, og er í því fólgjíð að hver maður hefur áhrif á alla aðra menn, með lífgeislan þeirri, sem stafar frá hverjum einstaklingi. Samband á miðilsfundí fer því ekki eingöngu eftir áhrifum fundarmanna á miðil, heldur einnig eftir þeim stilliáhrifum, sem berast frá umhverfinu, frá íbúum sveitarinnar eða borgarinnar, þar sem slíkur fundur er haldinn, frá íbúum landsins yfirleitt og raunar frá öllu mannkyni. Því verr sem þjóð okkar eða mannkyn er samstillt, því lélegri árangri er hægt að gera ráð fyrir á miðilsfundí.

Ingvar Agnarsson.

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Fögur sál er ávallt ung
undir silfurhærum.

Vér eigum sumar innra fyrir andann,
þá ytra herðir frost og þyngir snjó.

Ást er raust, sem bergmáls jafnan biður.

Eitt einasta syndar augnablik . . .
oft lengist í ævilangt eymdar strik.

Eitt augnablik helgað af himinsins náð
oss hefja til farsældar má.

Eins augnabliks sigur, sé ákvörðun rétt,
oss eilífðar hnossi fær gætt.

Á sorgarhafs botni sannleiks perlan skín,
þann sjóinn máttu kafa, ef hún skal verða þín.

Gerðu ei loks með lærðóms greinum
lífsins brauð að dauðans steinum.

Hugleiðsla og miðilsfundir

Fyrir nokkru hitti ég einn kunningja minn, sem stundað hefur svokallaða hugleiðslu hjá Geir V. Vilhjálmsyni sálfræðingi. Bað ég hann að skýra mér nánar frá þessu fyrirbæri út frá sínum sjónarhóli. Byggi ég hér á eftir á frásögn hans.

Hópur fólks stundar hugleiðsluna saman. Páttakendur horfa á mynd af indverskum meistara nokkrum, sem getið hefur sér mikinn orðstír fyrir sálræna eiginleika sína. Er þetta talið auðvelda hugleiðsluna með einhverjum hætti. Eftir nokkra stund fer mönnum að finnast, sem einhvers konar kraftstraumur berist í þá.

Sjálfur hef ég litla reynslu í þessum efnum, enda ekki næmur fyrir slíkum utanaðkomandi áhrifum. En margir kveðast hafa orðið varir við álíka kraftstrauma á sterkum eða vel heppnuðum miðilsfundum.

Við samanburð á þessum tveim fyrirbærum læðist að manni sú hugsun, að þessi s. k. hugleiðsla sé í raun og veru svipað fyrirbæri og miðilsfundir (að miðilssambandinu sjálfu slepptu): efling sambands við íbúa annarra hnatta með samstillingu og þá oft um leið líforkusendingar frá þeim stöðum. Samstilling hugleiðsluhópsins er sjálfsagt mjög mikilvæg, þótt ekki sé gert ráð fyrir því í fræðum hugleiðslumann, svo ég viti til. Hugsanlegt er ef til vill, að fyrrnefndur indverskur meistari geti þarna gegnt einhverju álíka hlutverki og miðillinn, þótt fjarstaddur sé.

Eftir því sem mér skilst, mun sjaldgæfara, að fólk finni fyrrnefnda kraftstrauma á miðilsfundum en í hóphugleiðslu.* Sé þetta rétt, gæti orsókin hugsanlega verið sú, að hugleiðsluhóparnir einbeita sér að *eina* ákveðnu (sbr. indverska meistarana), en á miðilsfundum er hins vegar yfirleitt stillt til sambanda við fleiri en einn stað og/eða persónu.

Ólafur Halldórsson.

* Samanber þó bls. 105 í Félagsblaði Nýalssinna, des. 1975. — Ritstj.

Um nálarstungur

Flestir hafa nú heyrt nálarstunguaðferðarinnar kínversku getið. Ekki sakar þó að byrja á að útskýra þetta fyrirbæri lauslega, ef það kynni að hafa farið fram hjá einhverjum.

Nálarstunguaðferðin felst í því, að hægt er að deyfa fólk og lækna vissa sjúkdóma með því að stinga mjóum nálum á ákveðna staði í líkama fólks eftir vissum reglum. Kínverjar fundu þessa aðferð upp fyrir nokkrum árbúsundum.

Sovétmenn hafa nú getað skyggnt örliðið inn í leyndardóm þessarar læknisaðferðar, þótt enn sé hún að mestu óráðin gáta. Peim hefur tekist með sérstökum tækjabúnaði að gera lífaflsvæði lífvera sýnileg (skyggir menn virðast geta séð þetta lífaflsvæði án nokkurs slíks búnaðar). Þegar farið var að athuga nálarstunguaðferðina í ljósi þessarar nýju þekkingar, kom í ljós, að stungupunktarnir, sem miðað er við, þegar nálarstunguaðferðinni er beitt, koma fram sem sérstaklega skær svæði (punktar) á lífaflsvæði manna (trúlega er nálarstunguaðferðin þannig til komin, að skyggir Kínverjar hafi á sínum tíma uppgötvað þessi svæði eða punkta og hagnýtt þessa þekkingu sína).

Sumir vestur-evrópskir læknar hafa eitthvað verið að prófa nálarstunguaðferðina, en fremur fer það leynt, og virðist svo sem beir telji sig vera að pukra með einhvern svartagaldur.

Reynslan virðist hafa sýnt, að nálarstunguaðferðin gefist fremur illa hér í Vestur-Evrópu — beiting hennar heppnast ekki, nema við tiltölulega fáa sjúklinga. Þetta hefur leitt til þess, að margir vestur-evrópskir læknar hafa aftur misst trúna á þessa lækningaráðferð og stímpla hana sem kukl. Eigi að síður er það staðreynd, að aðferð þessi gefst mjög vel í Kína. Hvílíkur rannsóknarandi! Liggur ekki miklu beinna við að athuga orsakir þessa mismunandi árangurs af nálarstunguaðferðinni í Kína og Vestur-Evrópu en að fleygja öllu frá sér í fússi? Ekki er ólíklegt, að orsök þessa mismunandi árangurs gæti t. d. verið önnur staðsetning stungupunktnanna á Kínverjum en Vestur-Evrópubúum.

Nú er t. d. tíðni blóðflokkja mismunandi á hinum ýmsu svæðum, svo eitthvað sé nefnt. Hví gæti ekki eins verið um að ræða svæðisbundinn (og arfgangan) mun á staðsetningu þessara stungupunkta? Þetta atriði væri fljótlegt að athuga með víðtækri rannsókn á lífaflsvæði líkama Evrópubúa með hjálp fyrrnefndra tækja.

Ólafur Halldórsson.

Haraldur hárfagri og Snæfríður Svásadóttir

Í Heimskringlu (bls. 80) segir svo um Harald konung hárfagra, að hann fékk þeirrar konu er Snæfríður hét, en hún var dóttir Svása jötuns. Segir sagan að hann unni henni „*svá með ærslum, at ríki sitt ok allt þat, er honum byrjaði, þá fyrir lét hann.*“ Þau áttu saman fjóra syni.

,*Síðan dó Snæfríðr, en litr hennar skipaðisk á engan veg; var hon þá jafnrjóð sem þá, er hon var kvík. Konungr sat æ yfir henni ok hugði, at hon myndi lífna. Fór svá fram þrjá vetr.*“

All undarleg er þessi saga, og munu fáir trúa að sönn sé. Mundi þó Snorri Sturluson ekki hafa skrásettt hana, ef ekki hefði hann talið, að um nokkurn sannleik væri að ræða. En sagan er goðsagnakennd og Snæfríður Svásadóttir er talin jötnaættar, og á því að hafa haft eiginleika aðra en menskir menn hafa. Hún hefur verið lífmögnuð mjög, eins og ýmsir þeir, er jötnaættar voru, þ. e. hún hefur haft sterkt lífsamband við lengra komna íbúa annars hnattar. Haraldur konungur verður þessarar magnanar aðnjótandi með nokkrum hætti, og þó þannig, að hann missir áhuga á sinni jarðnesku sýslan, en gefur sig um of að því að njóta hinnar aðsendu orku.

Eftir að Snæfríður deyr, lifir hann enn í þessari sambandsvímu. Líklegt er að hann hafi haldið sambandi við hana eftir að hún flutti á annan hnött. Það er eins og hann haldi áfram að sjá hana þar fyrir sér, fagra, glæsilega, heillandi. Hann nýtur þessara fjarhrifa, og þeirrar magnanar, er af sambandi þessu stafar, og raunar með svo algerum hætti, að hann getur ekki sinnt stjórnarstörfum í ríki sínu, né nokkru því, er fylgir því að lifa á þessari jörð. Það er eins og hann lifi í öðrum heimi. Sambandsástand hans verður nær algjört, og eru dæmi til slíks raunar ekki alveg ókunn. (Nefna mætti t. d. Theresu Newmann, frá þessari öld, sem lifði í einskonar sambandsástandi árum eða áratugum saman, og þurfti lítt eða ekki á næringu að halda. Hin aðsenda lífsorka nægði henni til lífsviðhalds).

Að lokum tókst ágætum manni, Þorleifi spaka, að vekja Harald konung upp úr þessari sambandsleiðslu, og fékk hann þá sitt fyrra eðli. Segir svo í sögunni:

„Konungrinn steig til visku og hugði af heimsku, stýrði síðan ríki sínu og styrkðisk; gladdist hann af þegnum sínum, en þegnar af honum, en ríkit af hváru tveggja.“

Er hér á merkilegan hátt lýst sambandi því sem komist getur á milli þjóðhofðingja og þegna, þegar svo stefnir sem vera ætti, en sem, því miður, hefur of lítið verið um á jörð okkar.

Ingvar Agnarsson.

Um kvæðið „Leiðsla“

Ávallt hefur mér fundist að í kvæðinu „Leiðsla“ eftir Matthías Jochumsson, sé skáldið að lýsa einhverri raunverulegri reynslu, og þó ekki sinni eigin reynslu, heldur einhvers annars manns, einhvers, sem ratað hefur í miklar mannaunir og loks yfirunnið þær, og komist úr þeim þrengingum, sem hann hefur orðið að bola, og er nú loks kominn upp á sjónarhól, þar sem birta og segurð blasir við úr öllum áttum.

Innblástur skálða mun oft stafa af fjarsambandi við aðra menn, og þá stundum við íbúa annarra stjarna. Ég get hugsað mér, að skáldið hafi hér komist í hugsamband við mann, sem um stund hafi átt heima í víti einhvers annars hnattar, þar sem allt er ógnvekjandi. Skáldið hefur fyrir hugsamband skynjað minningar þessa manns á meira eða minna óljósan hátt, honum hefur fundist um stund, að hann sjálfur vera þessi maður og að minningar þessa manns væru sínar eigin minningar. Þetta er algengt fyrirbæri í draumum, en draumar og vitranir eru náskyld.

Vegna hugsbands við þennan fjarlæga stjörnubúa, sem ratað hefur í vísraunir finnst honum „sem hann hefði þolað allt stríð“ sem unnt er að þola, sem hann hefði „gengið upp gil fullt með grjótflug og hræfugla-ljóð, fullt með þokur og töfrandi tröllheimasipil.“

Í framlíffssögum ýmsum eru ógnvekjandi frásögur þær, sem sagðar eru úr vítum annarra hnatta, og mér virðist, sem kvæðið Leiðsla segi einmitt frá slíkri reynslu. En það eru endurminningar þess, sem skáldið hefur komist í samband við, því nú er hann, sambandsvera skáldsins, kominn úr þessum þrengingum, þær eru

að baki, og hann getur fagnað yfir því fagra landslagi, sem hann nú er staddur í, og því nýja lífi, sem hann á fyrir höndum. Hann fyllist takmarkalausri gleði. Honum syngur „*einhver fylling i svevlandi hug eins og samhljóma gullhörpuljóð*.“ Minnir þessi setning á unaðsóma þá, sem vitranamenn segja að fylli tilveruna, þar sem mjög er langt komið í framfaraátt.

Svo virðist í kvæðinu, sem sambandsmaður skáldsins sé staddur „*upp á háfjallatind*“ og að hann horfi þaðan „*eins og örн yfir föld*.“ Hann horfir á fagurt sólsetur „*meðan dagstjarnan kvaddi svo dásemdar-skær*.“ Allt er umvafið dýrðarljóma og nú nýtur hann þess aftur að vera til, eftir allar hörmungar þess liðna.

Ég hygg að kveikjan að þessu innblásna kvæði Matthíasar sé einmitt sú, að allnáið hugsamband hafi um stund komist á milli hans og manns á öðrum hnetti, sem þegar hafi yfirunnið miklar þrautir og þrengingar, sem hann hafi lent í, eftir að þangað kom, og sem nú er kominn á sanna framfaraleið, þar sem bjóðast óendanlegir þroskamöguleikar.

Ingvar Agnarsson.

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Í sjálfum þér ef áttu himin eigi,
um aðra himna tala þú sem fæst.

Sem stjarnan á heimskauta stöðvunum blá,
svo staðfast er það, sem að minnst er treyst á.

Að tigna það staðlausa: hismi og hljóm,
það hjörtun æ gerir svo snauð og svo tóm.

Hið staðlausa flýðu og trúðu ei á tál,
en tem þig við guðdómsins eilífðar mál.

Og treystu hið staðfasta stöðugur á,
sem styrkleikur enginn má taka þér frá.

Ljóð frá álfum

Um aldir hefur íslensk þjóð haft samband við álfu og huldufólk, en það mun vera fólk, sem á heima á öðrum stjörnum annars staðar í geimi. Ýmislegt í skáldskap fyrri alda lýsir því sambandi er þar átti sér stað.

Í eftifarandi kvæði lýsir álfkona þeim mismun, sem er á hennar heimkynnum og heimkynnum manna:

Ég er úr
álfu löndum,
en þú ert maður
úr miðhluta-heimi.

Pá haustar hér
og herðir að vetri,
þá vorar þar
vanda eftir.

Pá hér er snjór
með syrpulátum,
þá er þar himinn
með heiði og skyjum.

Í fyrsta erindi segir álfkonan beinlínis að hún sé úr öðrum heimi. „Ég er úr álfu löndum,“ og virðist liggja í vísunni, að hún sé úr betra landi, því hún gerir þá athugasemd, að „þú ert maður úr miðhluta heimi“ og kemur það heim við lýsingu Gylfaginningar, að Miðgarður sé heimkynni manna, því svæði heimsins, er liggur milli guða og jötna, þ. e. svæði þar sem mjög gætir áhrifa frá illum verum og góðum, sem heima eiga í öðrum hlutum alheims.

Í síðari erindunum segir frá árstíðum og veðurfari, sem ekki fer saman þar og hér. Virðist mér einsætt, að í kvæðinu sé verið að segja tíðindi frá öðrum hnetti.

Ingvar Agnarsson

Úr ritum Swedenborgs

Svo hafa englar sagt mér að á hverri jarðstjörnu hafi menn í fyrstu talað saman með svíbrigðum andlitsins, og þá fyrst og fremst með tveim hlutum þess, vörnum og augunum. Orsök þess að samtöl voru fyrst iðkuð á þennan hátt er sú að andltið var myndað til þess að lýsa með svíbrigðum sínum öllum hugsunum manna og tilhneigingum; þess vegna er andltið kallað eftirmynnd eða mælir hugsans; önnur orsök er sú að á elsta og frumstæðasta stigi sínu lét maðurinn stjórnast af lögmáli hreinskilninnar, og ól ekki með sér neinar hugsanir né vildi ala, nema þær sem hann vildi fúslega og óhikað láta skína af andlti sínu: þannig máttu tilhneigingar mansins og þær hugsanir sem þaðan spruttu birtast öðrum og sýna sig til fulls. Þannig máttu þær einnig verða sýnilegar, í einni og heilli mynd, þó að þær samanstæðu af ýmsum þáttum. Pess konar samtal var því þeim mun fullkomnara samtali með orðum sem sjónskynjunin er fullkomnari því að heyra, eða það að sjá fagurt landslag ber af því að heyra frá því sagt. Þar við bætist, að slíkt samtal var í nánu samræmi við samræður englanna — en við þá höfðu menn stundum á þeim tínum samband — og einnig í samræmi við það að þegar andltið talar, eða hugurinn talar með andlitinu, þá er það framsetning englanna sem kemur fram hjá manninum í náttúrulegri og upphaflegri mynd sinni. — En slíku er ekki til að dreifa í töluðu máli. Hver maður mun einnig geta gert sér ljóst, að hinir fyrstu menn gátu ekki í byrjun haldið uppi samtali með orðum, þar sem orðin skapast ekki sjálfkrafa, heldur verður að finna þau og tengja þau síðan því sem þeim er ætlað að tákna, og þetta tekur allt sinn tíma. Meðan maðurinn lét stjórnast af hreinskilni og ráðvendni, var ræða hans slík, sem nú var lýst, en um leið og hann fór að hugsa eitt og segja annað — en það var afleiðing þess að hann fór að elska sjálfan sig og ekki náunga sinn — þá fór mælgin að aukast, en andltið varð þögult og flarátt. Af þessu breyttist *innra form andlitsins*, það dróst saman og stirðnaði, og varð nærrí því lífvana, en ytra form andlitsins, upptendrað af sjálfselskueldi, kom mönnum fyrir sjónir eins og væri það lifandi. Því að skortur lífs í hinum innri formum, sem hulin eru undir hinum ytri, er ekki mönnum sýnilegur, heldur birtist hann englum, því að hinir síðarnefndu sjá það sem inni fyrir býr.

Þorsteinn Guðjónsson býddi.

Til lesenda Lífgeisla

Um skoðanakönnun og framlíf á öðrum hnöttum.

Langflestir Íslendingar hafa heyrt getið lífsambandskenninga dr. Helga Pjeturss, og allmargir hafa kynnt sér þær meira eða minna. En tiltölulega fáir munu hafa gert þær að lífshugsjón sinni eða lífstefnu, þannig að þeir hafi gert hinn nýja heimsskilning að sínum, eða hafi beitt allri orku sinni og gáfum til að leiða sem flesta aðra inn á braut þessa lífsviðhorfs og þessarar lífshyggu.

Frá því að dr. Helgi Pjeturss fór að birta niðurstöður rannsóknna sinna, hafa þó verið til nokkrir einstaklingar, sem hrifust af hinum nýja sambandsskilningi og sem lögðu sig alla fram um að koma honum á framfæri meðal þjóðar okkar.

EKKI er hægt annað að segja, en að þessi heimsskilningur hafi hlotið nokkurn hljómgunn meðal Íslendinga. Skoðanakönnun sú, sem gerð var á síðast liðnu ári, undir forstu Erlends Haraldssonar, sálfræðings og fyrirburðafræðings, sýnir merkilegar niðurstöður um afstöðu þjóðarinnar til sambandsmála, en hún er á þessa leið:

88% trúa á líf eftir dauðann (sem mögulegt 20%, sem líklegt 28%, sem víst 40%).

28% telja að lifað sé áfram á öðrum hnöttum (sem mögulegt 19%, sem líklegt 8%, sem víst 1%).

76% telja að um sé að ræða samband við framliðna á miðilsfundum (sem mögulegt 34%, sem líklegt 21%, sem víst 21%).

Pessar niðurstöður af skoðanakönnun Erlends Haraldssonar sýna ljóslega, að skoðanir fólks á landi okkar eru mun jákvæðari að þessu leyti, en búast hefði mátt við að óreyndu.

Lang athyglisverðasta niðurstaðan er sú, að 28% þeirra sem spurðir voru, telja mögulegt, sennilegt eða víst, að lifað sé áfram á öðrum hnöttum, eftir líkamsdauðann á þessari jörd.

Lífgeislum er ætlað að leiða menn til umhugsunar um hina ýmsu torráðnu þetti tilverunnar, og mun leitast við að beita til þess náttúrufræðilegum skilningi, þar sem byggt er á uppgötvunum dr. Helga Pjeturss og rannsóknum og niðurstöðum erlendra fræðimanna, sem nú orðið fást mjög við hin sömu viðfangsefni og hann gerði fyrir meira en hálfri öld.

Ingvar Agnarsson.

Leiðsla

Og andinn mig hreif upp á háfjallatind,
og ég horfði sem örн yfir fold,
og míн sál var lík ís-tærri, svalandi lind,
og ég sá ekki duft eða mold.

Mér þótti sem hefði ég gengið upp gil
fullt með grjótflug og hræfugla-ljóð,
fullt með þokur og töfrandi tröllheima-spil,
unz á tindinum hæsta ég stóð.

Mér þótti sem hefði ég þolað allt stríð,
allt, sem þola má skjálfandi reyr,
og mér fannst sem ég þekkti ekki háska né hríð,
og að hjarta mitt bifðist ei meir.

Ég andaði himinsins helgasta blæ
og minn hugur svalg voðalegt þor,
og öll hjarta míns dulin og deyjandi fræ
urðu dýrleg sem ljómandi vor.

En míн sál var þó kyrr, því að kraftanna flug
eins og kyrrasta jafnvægi stóð,
og mér söng einhver fylling í svellandi hug
eins og samhljóma gullhörpu-ljóð.

Eins og heilög guðs ritning lá hauður og sær,
allt var himnesku gull-letri skráð,
meðan dagstjarnan kvaddi svo dásemdar-skær
eins og deyjandi guðs-sonar náð.

Matth. Jochumsson.

Draumar

DRAUMUR UM EINKENNILEGAR STANDMYNDIR

I.

Mig dreymdi á tímanum 5,30—7 að morgni 19. apríl þennan draum.

Ég þóttist stödd í mjög hrikalegu fjallendi, var ég þar á ferð með mörgu fólk, þar á meðal börnum. Vorum við komin að mjög vatnsmikilli á, sem fara þurfti yfir, og var að mér virtist, mjó trébrú (á að giska tvö fet á breidd) sem ganga átti á yfir ána. Mér leist nú ekki á þetta og neitaði að ganga brúna, var mér þá sagt, að ég gæti fengið bát, og vildi ég það heldur. Purfti ég þá að klöngrast til baka upp brattan sneiðing, og ganga talsverðan spöl þangað. Kom ég þá að vatni, sem var líkast því, að gjört væri af mannahöndum, var geysimikill grjótveggur hlaðinn og virtist mér hann skipta dal í tvennt, og lá sá dalur frá austri til vesturs, og var vatnið í eystri enda dalsins, handan við grjóthleðsluna. Mér virtist dalurinn ekki mjög breiður. Allt í einu var ég svo komin í bát út á þetta vatn, en bátur þessi var ekki líkur neinum venjulegum bát, hann var líkastur öðuskel í laginu, grynnstur í breiðari endann og dýpkaði með aflíðandi halla fram að mjórri endanum, hann var dökkgrænn með hvítum borðstokk, og svo var tjald (líkast topptjaldi) yfir bátnum. Í honum voru tveir menn og reri annar þeirra. Pegar þeir höfðu róið stundarkorn varð mér litið út um gat eða rifu á tjaldi því er yfir bátnum var. Sá ég þá botn dalsins, er áður var getið og var það furðulegt mjög. Svo langt sem augað eygði sá ég alls konar höggmyndir á víð og dreif. Þær voru allar úr svörtu efni, en hvort það hefur verið málmur eða grjót, gat ég ekki greint. Þetta myndasafn skar sig úr grænu grasinu, það sem næst var sá ég best, og voru það styttur sem líktust helst mannamyndum og voru sumar ferlega stórar en aðrar minni. Var mér mjög starsýnt á mynd af geysistóru nauti, með útstandandi mjó horn, þetta var ekki standmynd heldur var það eins og nautið

lægi þarna í grasinu. Allt í einu spurði égmanninn sem rerí hve langt við værum kominn. Hann svaraði: „Við erum hálfnuð.“ Vaknaði ég í þessu.

*Kristín Guðmundsdóttir
(Dreymt 19. apríl 1961)*

II.

Eins og flestir draumar, mun draumur þessi stafa frá sambandi við draumgjafa á öðrum hnetti, sem einmitt á þeirri stundu, sem draumurinn fer fram, reynir og sér það sama sem ber fyrir dreymandann í svefni.

Hinar mörgu stóru höggmyndir, sem dreifðar voru víða um hinn draumséða dal, koma manni til að minnast líkneskjanna stóru á Páskaeyjunni í Kyrrahafi, en munu þó vera allt öðruvísi útlits, enda var ein af þessum styttum af stóru nauti.

I.A.

DRAUMUR UM EITURGAS OG DAUÐA

I.

Ég var á gangi með mörgu fólki, ég þekkti það ekki. Mér fannst að eitthvað ætti eftir að koma fyrir okkur og við ætluðum að flýja undan þessari hættu. Ég segi: „Við verðum að flýta okkur eins og við getum.“ Við erum búin að ganga nokkuð lengi þar til ég lít við, á hæð mikla hringlagða að neðan og mjókkar upp eins og í strýtu. Í kringum okkur er grösugt og víðlendi mikið og bjart. Uppi á þessari hæð stendur stöng og á henni er bjart ljós. Mér finnst að þetta ljós gefi til kynna að hætta sé á ferðum. Hópurinn hraðar sér eins og hann getur. Ég er alltaf að horfa til baka. Ég sé að við stöngina er að myndast gufa, hún stígur alltaf haerra og hærra upp, þar til ljósið hverfur. Þá finnst mér þetta vera eiturloft, sem kemur frá þessu. Ég segi við fólkid: „Þið skuluð ekki vera hrædd, við deyjum.“ Við vissum þegar þessi mökkur næði til okkar mundum við deyja. En svo er móðir mínn komin til okkar, og er svo hrædd. Ég tek utan um hana, og segi við hana. „Vertu ekki kvíðin.“ Því hún vissi að sömu örlogi mundu bíða hennar, og hinna. Ég segi við hana: „Dauðinn

er eins og að fara út gömlum kjól og henda honum og þú finnur ekkert til og við verðum öll saman.“ Ég segi: „Ég er ekki hrædd.“ Gufan er alltaf að færast nær okkur, og fólkid er að detta hvert af öðru niður. Nú finn ég að ég er að verða eitthvað skrítin, gufan er alveg að ná mér, nú fer ég að deyja. Þegar ég datt ekki eins og hitt fólkid hugsa ég; „Ég á ekki að deyja eins og hinir. Nú er ég lifandi. Pað er skrítið að ég skuli ekki deyja eins og allir hinir og hvað á ég að gera?“ En ég hugsa að ég verði að ganga úr skugga um að allir séu dánir áður en ég fari eitthvað annað. En þegar ég er að leggja af stað að huga að fólkini, þá sprettur upp við hlið mér maður og mér finnst hann ætli að ganga úr skugga um hvort allir séu dánir. En líf leyndist með því þá ætti að stinga það til ólífis. Maðurinn var með eitthvað í höndnum, og mér fannst hann ætla að stinga því í bakið á fólkini ef líf leyndist með því. Svo kemur sver og mikill maður eftir breiðum vegi. Þegar hinn sér hann þá kastar hann spjóti í bakið á honum svo spjótið stóð í gegnum hann, og hann dettur fram yfir sig og allt er rennandi í blóði. Pessi maður sem stunginn var fannst mér vera eftirlitsmaður og þeir voru fleiri. Pessir menn stóðu utan við veginn. Vegurinn var mjög breiður og ljós sandur í veginum, sandurinn öðruvísi en ég hefi séð, og þetta var rétt hjá fólkini, sem lá þarna dáíð. Pessir menn áttu að gæta þess, að enginn slyppi lifandi. Svo víkur sér einn þessara manna að mér og ég vissi að það átti að gera mér eitthvað illt, en ég kveið engu. Og ég finn að ég er stungin, og ég finn að blóðið rennur, og ég hugsa með mér: „Við hittumst allur hópurinn aftur.“ Og við það vaknaði ég.

Aðalbjörg Bjarnadóttir

(Dreymt í ágúst 1974)

II.

Pessi draumur bendir til, að um hafi verið að ræða draumsamband við illan stað. Margt fólk er þarna og leggur það á flótta er eiturlofti hefur verið hleypt lausu til að drepa það, og menn hafa verið sendir út, til að drepa að fullu, þá sem ekki léttust strax af eiturloftinu. Draumgafinn verður fyrir sömu reynslu og aðrir, og í ljós kemur, að er hann er að deyja, hugsar hann sér framhaldslíf og að þar muni allur hópurinn hittast aftur.

Oft gerist eitthvað hliðstætt þessu á okkar jörð, en svo mun einnig vera víða á öðrum hnöttum, þar sem illa stefnir.

I.A.

DRAUMUR UM FJÖLL

Mig dreymdi að ég sveif fremur lágt yfir jörðu. Þótti mér ég stefna til borgar nokkurrar, þar sem ég ætti kunningja, sem ég vildi hitta. Gekk mér svifið létt, og þurfti ég ekki mikið fyrir því að hafa. Sveif ég nokkuð misjafnlega hátt, eftir því sem hagaði til um landslag. Athugaði ég þann hraða, sem ég sveif á, og þótti mér, sem hann mundi vera tvöfaldur á við það að ganga, eða eins og maður hlypi. Er ég hafði þannig svifið alllanga stund, varð flugið mér erfiðara, og ákvað ég að fara til jarðar, og ganga það sem eftir væri.

Er ég var stiginn til jarðar, tók ég eftir hæð nokkurri framundan mér, og ákvað ég að ganga upp á hana. Er ég kom upp á hæðina fór ég að litast um og blasti við framundan hið fegursta landslag. Nú var einnig, eins og birti yfir draumnum, og var allt sem ég sá mjög skýrt og í litum. Mun samband mitt við draumgjafa minn hafa orðið miklu skýrara en í fyrri hluta draumsins. Er ég nú virti fyrir mér útsýnið ofan af hæð þessari, var næst niér sléttlendi allviðáttumikið. Var það allt þakið tjörnum eða vœtnum stórum og smáum og var á þeim glampandi birta. Milli vatnanna voru rimar og sumstaðar stærri landsvæði slétt. Bak við þetta landsvæði risu upp tvö fjöll allhá, bunguvaxin og ekki tindótt. En yfir þau og milli þeirra sást í mjög mikilli fjarlægð, stórkostlegur fjallgarður, hár og störtindóttur. Þessi fjöll voru sveipuð móðu, en útlínur og ýmsir drættir í hliðum fjallanna sáust þó allgreinilega. Þetta var eins og hitamóða, að öðru leyti en því, að fjöllin urðu ekki blá, eins og við eignum að venjast, er hitamóða mikil er í loftinu, heldur voru þau ljósbrún. Allur heildarsvipur landslagsins var brúnleitir, en þó fagur mjög. Er ég nú stóð þarna uppi á hæðinni reyndi ég að átta mig á, í hvaða átt borgin væri, sem ég ætlaði til, og þótti mér, sem hún mundi vera milli fjallanna tveggja sem nær voru og fjallanna, sem voru í fjarska.

Ég var svo heillaður af fegurð landslagsins, sem við mér blasti þarna af hæðinni, að ég vildi láta aðra njóta hennar með mér. Og ég þóttist vita af fólk i þar rétt við hæðina. Ég fór því að hrópa og kalla á þessa leið: „Komið hingað upp, til að sjá fegurð fjallanna.“ Draumurinn var svo ekki lengri.

Kvöldið áður en mig dreymdi þennan draum var ég að tala

við konu mína um Sviss og um Alpafjöllin. Er ekki óliklegt að samtal þetta hafi stuðlað að því að stilla mig til þessa draumsambands.

Ingvar Agnarsson

(dreymt 6. des. 1970).

DRAUMUR UM MÓTTÖKU FÓLKS FRÁ ÖÐRUM HNETTI

I.

Mér fannst ég vera með mörgu fólkisaman komnu, þar á meðal systur minni. Í draumnum hugsaði ég aðeins um þessa systur mína, en ég á 4 systkini. Mér fannst við ásamt þessu fólkisera að taka á móti gestum frá öðrum hnöttum. Þar á meðal var mamma okkar. Við tölum ýmislegt saman, skyndilega tökum við eftir konu einni, þá segir mamma: „Já þessa konu kannast ég við, hún er frá annarri stjörnu.“

Einu tók ég eftir í draumnum, mamma var þar rauðhærð, en mamma var raunverulega ljóshærð.

Pegar mig dreymdi þennan draum, hafði ég ekki þann skilning á eðli drauma sem ég hef nú.

Daniel Ingi Pétursson.

II.

Athyglisvert er að dreymandanum finnst hann vera að taka á móti gestum frá öðrum hnöttum. Bendir það til draumsambands við íbúa annars hnattar. En móttökur gesta frá öðrum hnöttum munu þar vera algengar.

Dreymandanum þótti móðir sín vera rauðhærð, en hún var ljós-hærð, meðan hún lifði hér á jörð. Er því líklegt að hér sé um rangþýðingu að ræða, og að konan, sem hann sá hafi ekki verið móðir hans, heldur hafi hér verið um aðra konu að ræða. Slíkar rangþýðingar eru mjög algengar í draumum.

I.A.

DRAUMUR UM KINDUR OG STÓR SNÍKJUDÝR

I.

Mig dreymdi að ég væri á ókunnum stað, ekki hér á landi heldur var það landslag sem ég hef ekki séð áður. Pannig hagaði til, ég var á ferð að mér fannst gangandi, eftir sléttlendi víðáttumiklu með kjarrtoppum og grasslétturnum á milli. Þóttist ég vera orðin ung stúlka og ætlaði til dvalar á bónabýli allstóru, sem ég sá framundan. Ekki man ég hvernig húsum var háttað en það sem vakti athygli mína var stór fjárhópur, sem 3 eða 4 menn voru alltaf á ferðinni í kringum. Allt í einu fannst mér ég vera komin heim að bænum, og einn af hinum ungu mönnum líka, leist mér vel á hann og fannst hann vera á svipuðu reki og ég, hann sagðist vera sonur bónadans, og var að gæta kindanna og verja þær fyrir sérstökum dýrum sem ásæktu þær og sem sugu blóðið úr kindunum. Þessi kvíkindi voru líkust flötu breiðu kröbbunum, sem hægt er að finna í fjörum hér við strendur landsins, nema hvað þau voru stærri og mjór hali aftur úr þeim en 3—4 angar út úr hvorri hlið. Þessi dýr komu skríðandi hvaðanæva og ásóttu sauðféð en menn írnir voru stöðugt að sparka og traðka á þessum dýrum. Nokkuð lengra burtu sá ég stóran nautgripahóp og allar voru skepnur þessar svartskjöldóttar og sýndust mér þær mikjöld ólánlegri en kýr eru yfirleitt, þær voru lágfættari og lengri.

Allt í einu fannst mér vera komið haust og ég ætla að fara burtu frá þessum bónabæ, þá standur sami ungi maðurinn hjá mér, og segir. „Viltu nokkuð vera að fara, heldurðu að þér líði nokkuð betur annars staðar?“ Ekki svaraði ég þessu, en þá hélt hann áfram „eigum við ekki að vera hérra og láta fjöllin skýla okkur.“ Verður mér þá litíð, að mér fannst í austur og sé þá blána fyrir fjallgarði, verður mér svo litíð á hinn unga mann og sé að hann er búinn að festa í hnappagatið blóm, sem ég hefi ekki séð áður, en það var þannig: Grænu blöðin á legnum voru líkust hófsóleyjarblöðum, en blómið sjálft líkast rauða lynginu á Jótlandsheiðum í Danmörku. Í þessu varð mér litíð ofan fyrir fætur mér og sá þar stóran brúsk af þessum sömu blómum. Tók ég þá eitt stórt og fallegt blóm og var að næla það á barm mér vinstra megin, og í því vaknaði ég.

Kristín Guðmundsdóttir
(Dreymt 9. des. 1952)

II.

Pessi draumur er all merkilegur og virðist eiga uppruna sinn annars staðar en á okkar jörð. Draumurinn virðist vera mjög skýr og rangþýðingar koma ekki fram. Virðist mér það benda til náins sambands við hinn fjarlæga draumgjafa. Það sem einkum virðist benda til sambands við annan hnött, eru lífverur þær, sem svo vel er lýst. Nautgripir eru með nokkuð annarri lögum eða sköpulagi en hér gerist, og lýsingin á sníkjudýrunum stóru, sem líkjast kröbbum og ásækja kindur, bendir ótvírætt til lífsástands, sem ekki er á okkar jörð.

Menn hafa enn ekki almennt áttað sig á þeirri staðreynd, að í draumum má fá merkilegan fróðleik um líf og ástand á öðrum byggðum hnöttum. Væru lífsambönd okkar jarðarbúa við lengra komna lifendur annars staðar í heimi, betri og nánari en nú gerist, mundi draumlífið verða okkur uppsprettu meiri ununar og fróðleiks, en við nú eignum kost á að njóta.

I.A.

DRAUMUR UM FLUGVÉLAR

Mig dreymdi að ég leit út um glugga og sá flugvél, allfjarri, og hvarf hún skjótt bak við hátt fjall. Ég kallaði á son minn og kom hann að glugganum. Og er við höfðum horft um stund sáum við aðra flugvél, svipaða hinni fyrri. Hún virtist svífa mjög hægt. Hún var ákaflega stór, ég held stærri, en nokkur flugvél, er ég hef í vöku séð, og lögunin að nokkru öðruvísi en ég hef séð í vöku. Eða þannig virtist mér í draumnum. Erfitt er þó að gefa á henni greinargóða lýsingu. Hún hvarf á bak við fjallið, eins og fyrri flugvélin. Þar næst sáum við litla flugvél. Hún kom úr sömu átt og hinar tvær, og flaug hún frá vinstri til hægri. Hún fór með miklu meiri hraða og hvarf bak við sama fjallið og hinar tvær.

Draumurinn var ekki lengri.

*Ingvar Agnarsson
(dreymt 9. jan. 1975).*

Fyrirbæri

Myndun og hvarf líkamnings

I.

Oft ber við að við fáum heimsóknir framlífsmanna er við erum stödd í heimahúsum. Þar tel ég að séu vinir okkar, bæði skyldir og óskyldir, sem farnir eru af okkar jörð. Veita þeir okkur styrk og uppybyggingu á margan hátt. Ég set hér á eftir frásögu sem skýrir það nánar.

Ég var búsett á Selfossi nokkur ár. Þá gekk ég með þann leiða kvilla, ristilkrampa. Honum fylgdu miklar þrautir á köflum, svo að sprauta þurfti mig með sterkum deyfilyfjum. Í seinni hluta júní 1962 var ég á ferðalagi ásamt syni mínum og tengdadóttur. Er við vorum á leið heim til Selfoss, fór ég að finna til þrauta í ristli. Verkirnir versnuðu og urðu með öllu óþoland. Pegar heim var komið, var það fyrsta að ná í lækni til að sprauta mig deyfilyfjum. Eftir sprauturnar leið kastið hjá, en í rúminu var ég venjulega 4—5 daga. Næsta kvöld eftir að þetta gerðist, er við vorum að fara að sofa, segir sonur minn við mig hvort ég vilji ekki hafa opna hurðina að mínu herbergi, svo að ég geti látið til míni heyra ef ég þurfi einhverja hjálp. Taldi ég það með öllu ástæðulaust, ég væri orðin það hress. Svo sofnaði ég. Er ég hafði sofið tæpa two tíma vaknaði ég ótrúlega hress, eftir það sem á undan var gengið. Er ég hefi legið dálitla stund vakandi, opnast hurðin að mínu herbergi. Ég sé mann standa í dyrunum. Hugði ég í fyrstu þetta son minn. Brátt sá ég að svo var ekki. Pessi var með annan andlitssvip, skipti hári yfir miðju enni og greiddi til beggja hliða. Líka var hann í hvítum fötum með læknatösku í hendi. Ég horfði á komumann góða stund, frá honum stafaði friður og öryggi. Svo smá leystist hann upp og myndaðist eins og gufa. Fyrst hurfu fötin og líkamsbyggingin, þá sá ég beinagrindina, uns hún gufaði upp líka, og allt varð eins og áður en mér birtist þessi sýn.

Petta, sem frá hefir verið sagt, sá ég á aðfaranótt sunnudags. Á mánudeginum næsta á eftir, eftir hádegi gat ég farið til vinnu eins og venjulega.

*Sigrún Jónsdóttir,
frá Tungufelli.*

II.

Hér segir Sigrún Jónsdóttir frá mjög athyglisverðu fyrirbæri, eigin reynslu, sem vera mun heldur fátíð. Virðist svo, sem framlífsvera, læknir, sennilega framliðinn af okkar jörð, hafi líkamast innan við dyrnar á herbergi hennar, og getað haldist þar við nokkra stund. Langmerkilegast við atburð þennan er það, hvernig líkamningur þessi leysist upp eða afefnast. Myndast þá gufumökkur, og fyrst hverfa fötin og ytri hluti líkamans og síðast beinagrindin. Man ég ekki eftir að hafa fyrr heyrt eða lesið um slíkan atburð á sama hátt og hér er frá sagt. Bein eru harðasti og efnispéttasti hluti líkamans. Er því í rauninni ekkert undarlegt, þótt sá líkamshluti leysist síðast upp, er líkamningur hverfur. Stilliáhrif hljóta ávallt að vera mikilvægt atriði í uppgöggingu líkamnings, og mun svo einnig hafa verið hér. Kærleikshugsanir sonarins, sem sefur í næsta herbergi, kunna hér að hafa ráðið miklu um það, að líkamningur kom fram og að lækning gat gerst.

En hvaðan koma líkamningar? Hvert er hið raunverulega heimkynni þeirra? Hvar lifa menn, eftir dauða sinn hér á jörð? Eftir skilningi Nýalssinna, sem byggist á uppgötvunum dr. Helga Pjeturss, er ekki nema um það eitt að ræða að lifað sé áfram á öðrum jarðstjörnum í öðrum sólhverfum. Þegar líkamningar koma hér fram, er því um að ræða hamfarir frá einum hnerti til annars. Munu hamfarir hnatta á milli vera algengur ferðamáti hinna lengra komnu. En hér á jörð eru slíkir atburðir næsta fátíðir. Til þess að heimsóknir framliðinna ættingja og annarra hjálpenda geti orðið hér algengari, þarf aðstreymi lífsorku frá æðri lífstöðvum mjög að aukast til jarðar okkar og er á því hin mestu þörf til að bæta úr böli jarðarbúa.

Ingvar Agnarsson.

Sambandsfundir

Miðilsfundur 27. október 1975

Helgi Pjeturss (Sveini): Helgi, komið sael. Hér er mjög margt öflugt fólk samankomið í stöð okkar, og vill senda ykkur mikla orku.

Breyting þarf að verða á hugarfari jarðarbúa og framfarir í þekkingu. Ýmislegt mætti nú ræða hér um varðandi þessi atriði, en aðalatriðið er þetta: Samstilltur hugur, og hugmyndir fjöldans um eðli framlífsins og samband við framliðna verður að veiða ljósara.

Vissulega er æskilegt að breytast megi þekkingin á þessum málum, þannig að menn fari að sjá þessa hluti í nýju ljósi vísindalegs skilnings. Um form stjörnusambandsstöðvar mætti ræða, þó er það ekki aðalatriði, heldur hugarfarið. Þó má segja, að umhverfið hafi áhrif á hugarfarið. Fagurt umhverfi fegrar og bætir hugarfarið. Byggingarlag hefur sín áhrif. Mikil þörf er á að reist yrði fullkomin stjörnusambandsstöð og vegleg, og nytí hugarfars mikils mannfjölda. Pesst hugarfars og skilnings, sem allt veltur hér á. Hér er um að ræða, að stilla til vit- og hugsambanda við æðri lífstöðvar alheimsins. Ekki er hægt að leggja of mikla áherslu á mikilvægi þessara sambanda. Það eru hæfileikar manna til að hafa áhrif á umhverfið, sem þurfa að aukast, og hæfileikar til að taka á móti áhrifum frá hinum æðstu stöðum, og hvernig þessi orka lýtur ákveðnum lögmálum. Og samböndin þarf að rannsaka og hugsa þarf nógu djarflega. Vera nógu stórhuga, til að fara nýjar brautir, en hjakka ekki í sama farinu endalaust, eins og mikið hefur verið um. Sérstaklega þarf að rannsaka sambandsmálin og það sem þau snertir.

Ég geri ráð fyrir, að íslenskir vísinda- og fræðimenn fyrr eða síðar sýni þá djörfung, sem er nauðsynleg, og mitt fordæmi er á undan komið, til að ýta við þeim. Margt er nú rannsakað í öðrum löndum um samband lífsins og er ekki lengur talið óvísindalegt

viðfangsefni. En þetta gengur allt of hægt og skortur undirstöðuskilnings er bagalegur. Sá undirstöðuskilningur, er fenginn er með skilningi á svefni og draumum, þarf að sigra, og þar með væri sambandið við aðrar stjörnur ljósara, og þannig, að vísindin eða líffræðin væru færð út til stjarnanna.

N. D. (Sveini): N. D., komið sael. Góðu vinir, það gleður mig og okkur, að eiga kost á að ræða við ykkur, og teljum við mjög til bóta nýja fundargesti, sem koma til að vera viðstaddir á fundum ykkar. Alltaf þykir okkur æskilegt, að bætist nýir og góðir liðsmenn í hóp ykkar og það sem flestir. Alltaf er þetta nokkuð komið undir stilliáhrifum, hvernig sambandið tekst hverju sinni. Sambandið þarf að njóta öflugs stillihóps til þess að afslvæðið geti fullkomnast og eflst æ betur. Verður ekki of oft brýnt fyrir þáttakendum, að vanda lífernir sitt og hugarfar allt.

Peir er staddir eru í stöð ykkar, munu nú hugsa til sjúklinga, og er von míni og okkar hér að þeir megi lækningu hljóta.

Oneindur íslenskur bóndi, frá síðustu öld (Sveini): Sael. Nú er ég fluttur á aðra jarðstjörnu, framliðinn íslenskur maður, og má segja, að merkilegt sé eðli framlífsins. Menn gera sér ekki ljóst eðli þess, áður en þeir fara.

Menn eru hér líkamlegir, ekki síður en meðan þeir voru á jörðinni, og er þar ekki mikill munur á, í raun og veru, en hinn nýi líkami er gerður úr efnunum annarar jarðstjörnu. Munur er auðvitað talsverður að ýmsu leyti á því lífi, sem tekur við. Samstilling er meiri og orka meiri. Hér er fólk ekki veikt og ekki háð hrörnun líkamans, sem heldur sér þrátt fyrir langan aldur.

Mjög er hér mikil fegurð yfir fólkini og virðist mér enginn ljótur. Þetta mannfélag hér hefur yfir að ráða þekkingu og vísindum, langt fram yfir það, sem er á ykkar jörð. Og áhrif vísindanna, hugarfarsins og samstillingar fólksins eru mikil.

Ekki höfum við þörf fyrir átrúnað lengur, heldur hafa vísindin skýrt eðli tilverunnar og veitt okkur færi á fullkomnari samböndum við alheiminn en trúarbragðastigjöld megnar. Lífaflsvæði hnattar míns er geysiöflugt og sambandsmöguleikar hinir stórkostlegustu fyrir hendi og hafa þeir möguleikar verið notaðir réttilega. Á afslvæði okkar hnattar koma oft fram stórkostlegir sambandsfyrirburðir, líkamningsfyrirburðir og heimsóknir frá fjarlægum hnöttum og vetrarbrautum eiga sér stað, með allra stuðningi og fylgi.

Það er stórkostleg og merkileg orka, sem við höfum tök á og getum beitt henni margvíslega, til að magna bæði dautt og lifandi.

Spurning: Gerast hreyfifyrirkær?

Já, ýmislegt gerist þannig. Við getum haft áhrif á hluti og afefnað þá og látið þá koma fram annars staðar, jafnvel á öðrum hnöttum.

Spurning: Deyr fólk hjá ykkur?

Flutningar héðan gerist þegar einstaklingur er orðinn nógú þroskaður til enn fullkomnara lífs á öðrum hnetti. En dauði er varla rétt nafn á þeim flutningi.

Spurning: Hvað verður um gamla líkamann?

Flutningur héðan gerist án þess að hrörnun eða sjúkdómur sé undanfari hans, en líkaminn leysist upp og verður að engu hér, er þetta gerist. Petta er lögmál flutningsins til annars hnattar. Það er eins og líkaminn hverfi. Hann leysist upp í orku og skapast nýr líkami á framlífshnetti. Ekki er um sama líkamann að ræða. Nýr líkami skapast á öðrum stað.

Spurning: Verður ekkert duft eftir.

Ekki verður þess vert. Á afslvæði annars hnattar myndast nýr líkami. Efnin í þann líkama fást þar í því afslvæði, frá því lífi, sem þar er fyrir. Petta gerist á örskammri stundu, endursköpun líkamans.

Spurning: Hvað verður af gömlu líkamsefnunum?

Þau leysast upp. Orkan sem hefur haldið þessum efnunum saman kemur fram í öðrum stað, og efni þessi virðast hverfa sjónum. Ég get nú ekki komið fram nánari skyringum.

Spurning: Hefur þú oft flutt milli hnatta?

Ég hef ekki flutt oft. Mikil nauðsyn er á, að vita um flutning hvers einstaklings, af einum hnetti á annan, og hvernig skapast á hverjum hnetti nýr líkami. Pessi nýr líkami verður sífellt fegurri og öflugri, þar sem lífið stefnir til vaxandi samstillinger.

Spurning: Varstu fljótur að átta þig?

Það var nú ekki undir eins, að ég færi að skilja þetta, og það var eins og ég þyrfti nokkurn tíma til að átta mig, þó að margt sem ég sá, gæfi til kynna, að þetta hlyti að vera jarðneskt líf á annarri jörð.

Spurning: Komstu fram úti eða inni?

Fyrst vissi ég af mér í húsi, í herbergi. Petta var ekki stórt herbergi. Ég lá þar í rúmi, er ég vaknaði. Ég þekkti ekki herbergið og ég undraðist þetta, hvernig á þessu gæti staðið. Og ég fór að athuga sjálfan mig, þar sem ég lá og ég fann fyrir líkama mínum, og mér fannst hann vera mjög líkur og áður. En þó var munur á,

ég var unglegri. En ég vissi ekki, hvernig þessu var háttar. Ég var orðinn gamall maður og hrumer þegar ég fór. Pað var furðulegt, að vakna þannig upp, sem ungur væri og öflugur nokkuð.

Spurning: Hvað starfaðir þú, meðan þú varst hér?

Ég starfaði við búskap. Ég var bóndi. Fátt var merkilegt við það, en ég undi mér vel. Pað var á Norðurlandi.

Meðan ég var nú að hugsa mitt ráð, þarna í þessu rúmi, einn saman í herberginu, minntist ég hins gamla umhverfis á jörðinni og hvernig ég hafði verið orðinn í lokin. Pað rann nú upp fyrir mér, að þetta hlyti að vera framlíf, er ég væri nú þátttakandi í, hvernig sem það mætti nú vera. Fólk sem ég þekkti kom nú inn til míni og var ánægjulegt, að þekkja þarna gamla ættingja og vini. En ég gat ekki talað við þá fyrst í stað. En þegar ég hresstist betur og ég gat talað og spurt um allt, sem ég vildi vita, fékk ég ráðningu á þessu, hvar ég væri niður kominn. Og það var mjög furðulegt, að heyra það sem mér var sagt.

Spurning: Talið þið með orðum?

Tal og setningar notum við, alveg eins og þið, og við getum einnig notað hugskeyti. Skilningur virðist ekki vera minni þótt hugskeyti séu notuð.

Spurning: Hvernig gengur að koma hugskeyti til manns, sem aðeins skilur annað tungumál?

Ég get látið mann verða varan við hugsun mína og hann skilur, þótt hann ekki hafi þekkingu í því máli, sem ég tala. Pað er ákaflega mikil samstilling á milli manna hér og hugsamband verður því miklu auðveldara en annars. Petta er mjög skemmtilegt, að geta hugsast á við samstirninga sína.

Spurning: Þarf orð til að hugsast á?

Ekki segi ég, að orð séu nauðsynleg, ef um hugsambönd er að ræða, en frekar, ef um orðsendingu er að ræða. Hugsun verður sterkari, ef orð eru notuð, jafnvel í hugsambandi.

Ég var bóndi á síðustu öld. Ekki er það langur tími í raun og veru. En ég held, að hver og einn þurfi að munna alla liðna ævi sína sem nákvæmlegast, til þess að læra af öllu sem best. Og þetta er hér meðal okkar, reynt að rifja allt upp og vega og meta, og sjá hvað stefndi rétt og hvað ekki. Þið munuð skilja, hvað þetta er nauðsynlegt. Minnið heldur áfram í framlífi og hægt er að rifja upp það sem á undan er farið. Ég þakka fyrir. Verið sæl.

Snorri á Húsafelli (Sveini): Sæl. Petta skal takast. Ég sendi ykkur kraft. Ég er sterkur maður. Ég er Snorri á Húsafelli .Petta

er kraftur í höfði og huga og heila, sem ég beini hér til ykkar. Heimsókn frá öðrum hnetti til ykkar væri möguleg, ef skilyrði væru nógu fullkomin. Ég sendi prestunum hugskeyti stundum. En erfitt er að koma því við. Mætti reyna að skýra gömlu kreddurnar fyrir þeim, en þeir virðast lokaðir fyrir allri skilningsglætu. Þá skortir víðsýni. Kirkjan á að vera vísindastofnun og fræðslustofnun.

Spurning: Hafðir þú fjarsamband meðan þú varst hér?

Ég var maður sterkur og var undir góðum áhrifum frá öðrum og betri hnöttum. Ég held, að betri öfl hafi verið þar á bak við. Tilgangurinn með slíku, er að hefja mann á hærra stig. Ekki er mannkynið æðstu verur alheimsins. Það væri heimska, að hugsa svo.

Glíma menn mjög á mínum hnetti til gagns og gamans. Menn eru komnir hér langt í eflingu líkamsþróttar ekki síður en í eflingu andlegs þróttar. Sund, hlaup og stökk er iðkað hér, einnig skautahlaup, og margt fleira. Svifhæfileika höfum við hér. Njótum við þess mjög, að geta svifið. Og hamfarir eiga sér stað, flutningar hnatta á milli. Petta hefur okkur þótt stórkostlegast alls, að geta farið hamförum hnatta á milli.

Spurning: Er takmarkað, hve hátt þið getið svifið?

Ekki er það takmarkað, og förum við oft mjög hátt og með miklum hraða. Fer það allt eftir ástæðum. Algengt er að svífa í stórum hóp, og eins einn sér. En meiri ánægja er að svífa margin saman, en einn sér. Ýmsar listir eru leiknar á svifi.

Börn fæðast hér á sama hátt og hjá ykkur. Afleiðing ástarinnar er eins og hjá ykkur. Fæðing á sér stað á sama hátt og hjá ykkur. Petta er þeirra frumlíf. Og fólk flyst inn frá öðrum hnöttum. Jöfnuður aðstreymis og frástreymis er svipaður. Fæðingar eru þjáningalausar að mestu. Petta er nú ekki svo ólíkt í raun og veru. Ástin heldur áfram og lífið er líkamlegt. Hvað er þá líklegra, en að afkvæmi verði til á svipaðan hátt. Á einhverju hærra stigi getur þetta e. t. v. gerst á nokkuð annan hátt. Konur eru ánægðar með þetta og karlar eins. Petta er stórmerkilegt mál, ef menn vilja hugleiða það. Mikið samstarf foreldra er hér. Yndisleg er ubörnin og skemmtileg. Og menn fara mikils á mis, ef þeir ekki njóta barna sinna.

Ég þakka ykkur fyrir góðar viðtökur. Verið sæl.

*Ingvar Agnarsson
ritaði jafnóðum og talaðist á fundi.*

Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður: Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT

Pokan mikla í stjörnumerkinu Orion (Sjá forsíðumynd) Bls. 146

ERINDI:

Hvað er ví sindalegt? P.G.	— 147
Stjörnurnar og miðilssambönd við íbúa þeirra. I.A.	— 152
Jónas Hallgrímsson og stjörnurnar. — Kvasararnir, hinir guðlegu lífheimar. — Miðilssambönd við íbúa annarra hnatta. — Miðilsfundir og orkuaðstreymi. — Lífgeislalæknigar. — Stilliáhrif umhverfis á miðilsfundi.	

GREINAR:

Hugleiðsla og miðilsfundir. Ó.H.	— 157
Um nálarstungur. Ó.H.	— 158
Haraldur hárfagri og Snæfríður Svásadóttir. I.A.	— 159
Um kvæðið „Leiðsla“. I.A.	— 160
Ljóð frá álfum. I.A.	— 162
Úr ritum Swedenborgs. P.G.	— 163
Til lesenda Lífgeisla. I.A.	— 164

LJÓÐ:

Leiðsla. M.J.	— 165
--------------------	-------

DRAUMAR:

Draumur um einkennilegar standmyndir. K.G.	— 166
Draumur um eiturgas og dauða. A.B.	— 167
Draumur um fjöll. I.A.	— 169
Draumur um móttöku fólks frá öðrum hnetti. D.I.P.	— 170
Draumur um kíndur og stór snýkjudýr. K.G.	— 171
Draumur um flugvélar. I.A.	— 172

FYRIRBÆRI:

Myndun og hvarf líkamnings. S.J.	— 173
---------------------------------------	-------

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 27. október 1975	— 175
Helgi Pjeturss — N. D. — Ónefndur íslenskur bóndi frá síðustu óld.	

MYR:

Spekiord úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar 151, 156, 161	
---	--